



**HAFNARFJÖRÐUR**

**Bókun - 19. maí 2020**

**Lántaka - Lánasjóður sveitarfélaga**

**Málsnr. 2001274**

Samkvæmt minnisblaði frá 24. mars 2020 var lagt til að sækja um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna fjármögnunar á byggingu Skarðshlíðarskóla að fjárhæð 1 milljarður króna. Heildarfjárfesting í framkvæmdina nemur rúmum 4 milljörðum króna og eftir er að framkvæma fyrir um 600 milljónir króna. Einungis hafa verið tekin lán að fjárhæð 1,1 milljarður króna fram til dagsins í dag. Í ljósi áhrifa Covid19 á starfsumhverfi og rekstur sveitarfélaga er nauðsynlegt að styrkja lausafjárstöðu bæjarins með lántöku vegna hluta framkvæmdanna.

Lánasjóður sveitarfélaga hefur lokið fjármögnun með útboði ofangreindrar lántöku á 1,5% vöxtum, verðtryggt til 14 ára.

**Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn samþykki eftirfarandi bókun:**

**Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:**

Bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 1.000.000.000.- kr. til 14 ára, með lokagjalddaga 5. apríl 2034 í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggur fyrir fundinum.

Lánið eru til fjármögnunar á byggingu Skarðshlíðarskóla sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Til tryggingar lánunum standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Jafnframt er Rósu Guðbjartsdóttur, kennitala 291165-3899 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar að undirrita lánsamninga við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.